

Ákvörðun Samgöngustofu nr. 1/2022

Samgöngustofa hefur ákveðið frá og með 1. apríl 2022 að viðurkenndar viðhaldsstöðvar, viðhaldsvottar, fyrirtæki sem annast stjórnun á áframhaldandi lofthæfi loftfara, viðhaldskennslufyrirtæki, handhafar flugrekstrarleyfa útgefinna af Samgöngustofu og eigendur og/eða umráðendur loftfara sem skráð eru á Íslandi fari eftir skýringarefni ákvarðana Flugöryggisstofnunar Evrópu (EASA)¹ nr. 2003/12/RM (AMC-20), nr. 2012/020/R (Part-21) og nr. 2015/029/R, ásamt síðari breytingum (Acceptable Means of Compliance and Guidance Material to Part-21, Part-M, Part-145, Part-66, Part-147, Part-T, Part-ML, Part-CAMO and Part-CAO) til þess að hlíta reglum. Þessar ákvarðanir er að finna á heimasíðu EASA <https://www.easa.europa.eu/document-library/acceptable-means-of-compliance-and-guidance-materials>

Fyrsta ákvörðunin byggir á reglugerð (ESB) nr. 748/2012 sem innleidd er á Íslandi með reglugerð nr. 380/2013, um lofthæfi- og umhverfissvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja. Síðari tvær ákvarðanirnar byggja á reglugerð (ESB) nr. 1321/2014 sem er innleidd á Íslandi með reglugerð nr. 926/2015 um viðvarandi lofthæfi loftfara og flugtæknilegra framleiðsluvara, hluta og búnaðar og um samþykki fyrir viðhaldsstöðvum og starfsfólki á þessu sviði.

Samhliða fellur úr gildi ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 3/2013.

Með vísan til 1. mgr. 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum er ákvörðun þessi birt á heimasíðu stofnunarinnar og öðlast þegar gildi.

Reykjavík, 1. apríl 2022


Jón Gunnar Jónsson, forstjóri.

¹ Þegar við á eftir öðrum aðferðum til að uppfylla kröfur (AltMoC)